

192

9. des.

Tilgangur sjóðsins er að reisa sumarskála til afnota fyrir kvenskátafélagið í Reykjavík.

4. gr.

Tilgangi þessum er sjóðnum ætlað að ná með sölu minningarspjalds um D. Sch. Thorsteinsson, auk þess tekur hann við gjöfum og tillögum, er kunna að berast.

5. gr.

Þegar stjórn sjóðsins telur nægilegt fé hafa safnast, skal þegar hafizt handa um skálabýgginguna.

6. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta í Landsbanka Íslands.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð: 3 skátaforingjum úr kvenskátafélaginu í Reykjavík og 2 meðlimum úr K. S. S. Í.

8. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á skipulagsskrá þessari.

193

12. des.

## REGLUGERÐ

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Stykkishólmskaupþún nr. 23 1. apríl 1936.

Á eftir VI. kafla reglugerðarinnar komi inn nýr kafli, sem verður VII. kafli, og tala kafla og greina breytist samkvæmt því. Kaflinn er svo hljóðandi:

### VII. KAFLI

#### Um hafnsögu á innri höfn Stykkishólmskaupþúns.

25. gr.

Undanþegin hafnsögugjaldi eru herskip og varðskip, skemmtiferðaskip, vitaskip ríkisins, öll skip sem heima eiga í Stykkishólmi og sömuleiðis öll íslensk fiskiskip, nema þau noti hafnsögumann.

26. gr.

Takmörk innri hafnarinnar er bein lína úr Fálkakletti í austurhorn Súgandis-eyjar, og þaðan bein lína í Svartatanga.

27. gr.

Hvert það skip, sem ætlar til Stykkishólms, og ber að taka hafnsögumann, gefi merki um að það óski hafnsögumanns, og skal þá hafnsögumaður fara út í skipið, svo fljótt sem unnt er.

28. gr.

Ekkert skip, sem er stærra en 30 smálestir brúttó, má sigla inn eða út úr innri höfninni, leggja að eða frá bryggju, né flytja sig til á höfninni, nema undir stjórn hafnsögumanns.

29. gr.

Hafnsögugjöld skulu greidd samkvæmt eftirfarandi gjaldskrá af brúttó smálest.

## Fyrir leiðsögu til hafnarinnar og frá:

193

12. des.

			Inn	Út
Fyrir skip frá	30 til	200 smálestir	kr. 15.00	kr. 10.00
— — —	200 —	300 —	— 20.00	— 15.00
— — —	300 —	500 —	— 25.00	— 20.00
— — —	500 —	1000 —	— 30.00	— 25.00
— — —	1000 smálestir	og yfir	— 40.00	— 30.00

Þessi taxti gildir jafnt sumar og vetur. Ekki skal reikna djúpristugjald af skipum á þessari leið.

30. gr.

Hinn lögskipaði leiðsögumaður skipa í Stykkishólmi skal annast þessa hafnsögu og rennur hafnsögugjaldið til hans, en sjálfur sér hann sér fyrir farkosti til og frá skipi.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 76 14. nóvember 1917, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 12. desember 1940.*

Ólafur Thors.

*Páll Pálmason.*

## G J A L D S K R Á

194

12. des.

## rafmagnsveitu Reykjavíkur.

## I. Raforka.

Rafmagnsveita Reykjavíkur skal selja raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

## A. Lýsing.

Þar, sem orkan er aðallega notuð til lýsingar, skal hún seld:

- Um kílóvattstundamæli (kWh-mæli) fyrir 46 aura hver kílóvattstund (kWh). Við þessu gjaldi skal selja hvers konar rafmagnsnotkun, sem kemst ekki undir aðra liði þessarar gjaldskrár.
- Um hemla og hemilmæla (umframorkumæla) á 60 kr. hvert hektóvatt (hW). Hemilstillingin skal vera samkv. eftirfarandi skrá eingöngu:

Wött	Wött	Wött
50	600	3300
75	800	4000
100	1000	5000
150	1200	6000
200	1500	8000
300	1800	10000
400	2200	o. s. frv.
500	2700	

Samkvæmt þessari skrá má selja útiljós, enda þótt mælitækjum verði ekki við komið.